

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar

Ár 2017, mánudaginn 11. desember var haldinn 294. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13:33. Viðstaddir: Elsa Hrafnhildur Yeoman, Þórgnýr Thoroddsen, Margrét Norðdahl og Herdís Anna Þorvaldsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Trausti Harðarson. Áheyrnarfulltrúar BÍL: Kolbrún Halldórsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir. Af hálfu starfsmanna: Signý Pálsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

4. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að menningar- og ferðamálaráð hefji skoðun á hugmynd þeirri/verkefni að setja upp listamanna hannaðan áhorfendabekk/áhorfendastúku sem gæti tekið góðan fjölda í sæti, við sjóinn meðfram Sæbraut fyrir ferðamenn og borgarbúa til að fjöldinn gæti setið saman og horft á Esjuna, Skarðsheiði, Akrafjall og fylgst með fallettri náttúru Íslands við höfuðborgina. Áhorfendastúkur eins og þessar eru þekktar á ferðamannastöðum þar sem fólk þarf að fá góðan tíma til að njóta þess að horfa á umhverfið, náttúruna og annað fólk í leik og starfi. Vinsælir bekkir/stúkur eins og þessar í erlendum borgum eru t.d. rauðu tröppurnar við „Times Square“ New York og tröppurnar við „Robson Square“ Vancouver.

Frestað.